



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 2

Stúdentagarðsnefnd - Stúdentaráð Háskóla Íslands

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 2

Stúdentagarðsnefnd - Stúdentaráð Háskóla Íslands

Formáli

Stúdentaráð Háskóla Íslands var stofnað 2. desember 1920. Fyrstu kosningar til ráðsins fóru fram 11. sama mánaðar. Í ráðið voru kosnir 9 menn og hélst sú tala fulltrúa óbreytt til ársins 1966. Þá var fulltrúum fjölgað í 22. Fulltrúar eru 30 árið 2002. Fulltrúar hafa ýmist verið valdir í ráðið eftir deildarkvótum, af sameiginlegum framboðslistum eða einstaklingsframboðum. Aðild að stjórnun skólans fengu stúdentar 1957, með einum fulltrúa í Háskólaráð; árið 2002 eru fulltrúarnir tveir.

Hlutverk ráðsins er hagsmunabarátta stúdenta og er það sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan. Upphaflega var ráðinu ekki ætlað að sinna neinu skemmti- eða menningarhlutverki en það varð svo hluti af starfseminni. Árið 1968 var Félagsstofnun stúdenta sett á laggirnar og tók hún við hinum ýmsu þjónustuhlutverkum Stúdentaráðs. Fyrsta áratuginn voru aðalmálaflokkar ráðsins húsnæðis- og lánamál, fræðslu- og upplýsingarmál og rekstur mötuneytis.

Skjöl þessi eru líklega komin á safnið frá Tómasi Jónssyni borgarritara, og hafa slæðst með þeim bréf til hans og fleiri gögn. Tómas var ritari Stúdentaráðs 1923-1924, auk þess virðist hann hafa verið viðloðandi ráðið eftir það.

Sjá enn fremur, E-41: Tómas Jónsson.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréf Stúdentaráðs 1921-1924.
Bréf Stúdentagarðsnefndar 1926-1934.
Fylgiskjöl 1925-1930.
Reglugerðir erlendra stúdentagarða.
Einkabréf Tómasar Jónssonar.

Askja 2

Sjóðbók Stúdentagarðsnefndarinnar 1922-1923.
Sjóðbók Stúdentagarðsnefndarinnar 1927-1930.

Viðskiptamannabækur vegna happdrættis 1922-1924, 1929-1930.
Dagbók 1. apríl 1928 - 1. apríl 1932.
Dagbók 4. nóv. 1929 - júlí 1930.

Askja 3

Fjársöfnun til stúdentagarðs á árunum 1920-50. Færslur enda við árið 1928; tvö laus blöð ásamt skuldaskrá. Bók þessi er komin frá Lúðvíg Guðmundssyni, skólastjóra, eins og segir á merkispjaldi.

Lögbirtingablað, nr. 7, 25. ár, fimmtudaginn 18. febrúar 1932.

Umslög, fjögur talsins, merkt Stúdentaráði Háskóla Íslands, Reykjavík, Ísland.

(böggull)

Skráð Sigríður H. Jörundsdóttir, Ragnhildur Bragadóttir